

Nd.

289. Breytingartillögur

við breytingartillögur nefndarinnar við frumvarp til laga um girðingar (þgskj. 257).

Frá Ólafi Briem.

1. Við 16. lið. Orðin »Eigi má heldur ... skylt að annast« falli burt.
2. — 16. — Í stað orðanna »skemdum á girðingum« komi: skemdir á lög-
mætum girðingum.
3. Á eftir 11. gr. komi ný grein svo hljóðandi, sem verði 12. gr.:
Nú liggur yfir land manns farinn fjallvegur, þó ekki sje í tölu þeirra vega,
sem landssjóði er skylt að annast, afrjettarvegur, bæjavegur, stígur eða götu-
troðningar, og telst eigi til neins vegaflokks, og er landeiganda þá heimilt að
gera girðingu yfir þann veg með hliði fyrir veginum, en eigi má hann læsa
hliðinu nje með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema hreppsnefnd
leyfi.
4. Fyrirsögnin sje: Frumvarp til girðingalaga.